

Til bæjarráðs

Tillaga um skipun starfshóps til að undirbúa byggingu fjölnota íþróttahúss.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að skipa fimm manna starfhóp til að vinna að undirbúningi byggingar fjölnota íþróttahúss á svæði austan Reykjanesbrautar. Í tillögu að nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar á svæðinu sem fléttast saman við skóla- og íþróttasvæði.

Starfshópurinn skal skipaður þremur fulltrúum tilnefndum af bæjarráði, einu fulltrúa tilnefndum af UMF-Stjörnunni og einum fulltrúa tilnefndum af UMF-Álftaness.

Starfsmaður hópsins verði íþróttfulltrúi Garðabæjar en aðrir embættismenn Garðabæjar starfa með hópnum eftir þörfum. Starfshópurinn skal skila greinargerð til bæjarráðs fyrir lok maí 2017.

Bæjarráð skal setja hópnum erindisbréf.“

Greinargerð:

Á árinu 2016 var lagður nýr gervigrasvöllur á skóla- og íþróttasvæði Álftaness og samkvæmt framkvæmdaáætlun ársins 2017 verður unnið að endurnýjun og byggingu nýrra gervigrasvalla á Ásgarðssvæðinu sem mun stórbæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar. Í framhaldi af þessari uppbyggingu íþróttamannvirkja er eðlileg þróun að hafinn verði undirbúningur að byggingu fjölnota íþróttahúss á svæði austan Reykjanesbrautar. Lagt er til að skipaður verði starfshópur til að undirbúa málið með þarfagreiningu þar sem áhersla verður lögð á að húsið geti nýst öllum bæjarbúum. Í því sambandi verði horft m.a. til þess að húsið verði nýtt til knattspyrnuíðkunar, fyrir skólaíþróttir á skólatíma, sýninga- og menningaviðburða og göngu- og líkamsþjálfunar eldri borgara. Starfshópurinn skal jafnframt leggja mat á nánari staðsetningu, stærð og gerð, umferðamál og aðgengi, bílastæðapörf, o.fl. auk þess sem gróf kostnaðargreining valkosta skal liggja fyrir.